



Fagdeild sálfræðinga við skóla

Starfsárið 2023

Stjórn fagdeildar sálfræðinga við skóla skilaði inn á árinu þremur umsögnum um mál í samráðsgátt stjórnvalda sem snúa að málum sem snerta börn, menntun þeirra og farsæld. Í janúar skilaði stjórn inn umsögn um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027. Í mars skilaði stjórn inn tveimur umsögnum, um drög að stefnu um nýtt námsmat grunnskóla – Matsferil og umsögn um áform um frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála.

Fagdeild sálfræðinga við skóla hélt árlegt haustþing sitt að Hótel Varmalandi 12.-13. október. Á dagskrá þingsins voru erindi um hvatningarleik til bekkjarstjórnunar, um uppfærslu vitsmunaprofaprófa, ný lög um skólþjónustu og umræður um þau efni auk vinnustofu um Beanfee, hugbúnað til atferlisþjálfunar.

Í stjórn fagdeildar sálfræðinga við skóla frá hausti 2022 til hausts 2023 voru:

Álfheiður Guðmundsdóttir

Ingibjörg Sigurjónsdóttir

Karitas Ósk Björgvinsdóttir

Silja Rut Jónsdóttir

Sólveig Rósa Davíðsdóttir

Í október 2023 hættu Karitas og Silja í stjórn og ný í stjórn eru:

Helgi Þór Harðarson

Edda Sif Gunnarsdóttir